

Fjallalax ehf.  
Kristine Aarnes  
Strandgötu 11  
465 Bíldudalur

Reykjavík, 29.7.2024  
UST202401-314/gf  
08.12.02

## **Varðar reglubundið eftirlit þann 19. júní 2024 - Fjallalax ehf. Hallkelshólum í Grímsnesi, ID309**

Þann 19. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldi Fjallalax ehf. að Hallkelshólum í Grímsnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik og verður úrbótum lokið fyrir lok ársins 2024.

Tvær ábendingar voru gerðar og settar fram í eftirlitinu:

1. Óskað er eftir teikningum af frárennislögnum í jörðu.
2. Minnt er á kröfur olíureglugerðar nr. 884/2017, grein 41., áfylliplan tengt olíuskilju þar sem áfylling á bifreiðar fer fram og um árekstrarvarnir við neyslugeyma þar sem þeir eru staðsettir í akstursleið ökutækja.

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirlitinu:

1. Í grein 4.4 í starfsleyfi er krafa um ársyfirlit fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlitið barst of seint. Ársyfirlitið barst 10. júlí sl. og því er frávikinu lokað.
2. Í grein 4.3 í starfsleyfi eru kröfur um sýnatökur í frárennslisli. Taka skal sýni og mæla efnainnihald við inntak og í útrás frárennslis tvisvar á ári. Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila tvisvar á ári.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. ágúst 2024.**

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Kristín Kröyer  
sérfræðingur